



Viðgerð á holu AB-02 í Búrfellshrauni

Ásgrímur Guðmundsson

Greinargerð ÁsG-93-11



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Greinargerð ÁsG-93/11
25. nóvember 1993

Viðgerð á holu AB-02 í Búrfellshrauni


Í greinargerð frá 18. október síðast liðnum var gerð grein fyrir ástandi holu AB-02 í Búrfellshrauni og viðraðar þar hugmyndir við Landsvirkjun, sem er eigandi holunnar, um hreinsun hennar. Þeim hugmyndum var vel tekið og skyldi notað tækifæri þegar hentugt bortæki væri á ferðinni á þessum slóðum. Hrímnir, einn af borum Jarðboranna hf., var við boranir í Eldhrauni í Mývatnssveit um mánuðarmótin október-nóvember og var ákveðið að nota hann, að því verki loknu.

Um morguninn 2. nóvember undirbjuggu bormenn flutning borsins frá Mývatni og var hann keyrður á holustæðið skömmu eftir hádegi. Holutoppurinn, sem er 10" rör og stóð um 1m upp úr, var skorinn ofan af og bornum komið fyrir. Sett var niður 6 1/2" króna án þess að finna nokkra fyrirstöðu á leiðinni. Holubotn var á 67 m dýpi og kom það heim og saman við aðrar upplýsingar. Ákveðið var að loftdæla holuna til þess að hreinsa upp óhreinindi, sem gætu hafa safnast fyrir við niðurstetningu krónu. Dælt var á holuna í u.þ.b. hálfu klukkustund. Ekkert vatn kom upp, en við upptekt borstanga kom í ljós að þær voru blautar upp í 37 m dýpi, sem þýddi að gusugangurinn við loftdælinguna hafði náð þangað upp. Að lokinni upptekt var holan vatnsborðsmæld og reyndist dýpi á vatnsborð vera 52,2 m miðað við stýriborð borstrengsins.

Að lokinni hreinsun komu bormenn holutoppinum fyrir á sinn stað og suðu hann á. Fágangur holutopps var á þá leið, að lok var boltað með tveimur boltum ofan á toppflansinn, og stendur toppurinn um 1 m frá jörðu.

Verkinu var lokið undir kvöld samdægurs þann 2. nóvember 1993.

Upphaflega var hola AB-02 boruð til þess að kanna hvort affallsvatn frá Kröfluvirkjun, sem fór í Hlíðardalslækinn, hefði áhrif á grunnvatnið skammt þaðan frá, sem lækurinn hvarf niður í hraunið. Þá var holan nokkuð sunnan við þann stað. Nú hefur hraunið þéttst, þar sem lækurinn fór niður, og rennur Hlíðardalslækurinn á þéttu grónu helluhrauni og fylgir úfinni hraunrönd. Hann hefur myndað uppistöðulón 700 - 1000 m sunnan við holuna og er sennilegt að lækurinn komi til með leita áfram suður eða þar til að jörðin glyepir hann á ný.


Ásgrímur Guðmundsson